

**Fundargerð 8. fundar
Fræðsluráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
28. maí 2019 , kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Elín Björg Gissurardóttir formaður, Sverrir Rúts Sverrisson aðalmaður, Sigrún Halldórsdóttir aðalmaður, Anna Sóley Bjarnadóttir aðalmaður, Jóna María Viktorsdóttir áheyrnarfulltrúi, Guðjón Þ. Kristjánsson fundarritari, .

Fundargerð ritaði: Guðrún Björg Sigurðardóttir, Sviðsstjóri fjölskyldusviðs.
Jónína Magnúsdóttir boðar föll. Ekki tókst að boða varamann.

Gestir fundarins voru:

Hólmfríður Árnadóttir skólastjóri.

Eva Björk Sverrisdóttir skólastjóri.

Guðrún Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs

1. Skólastjóri Gerðaskóla - 1809066

Eva Björk Sveinsdóttir skólastjóri fór yfir starfið í Gerðaskóla og niðurstöður skólapúlsins í skólanum.

Fræðsluráð þakkar Evu Björk fyrir hennar yfirlit yfir starf Gerðaskóla.

2. Skólastjóri Grunnskólans í Sandgerði - 1809086

Hólmfríður Árnadóttir skólastjóri fór yfir starfið í Sandgerðisskóla.

Fræðsluráð þakkar Hólmfríði fyrir hennar yfirlit yfir starf Sandgerðisskóla.

3. Sandgerðisskóli - Skólapúls - Starfsmannaviðtöl 2019 - 1904035

Hólmfríður Árnadóttir skólastjóri fór yfir niðurstöður Skólapúlsins og helstu áherslur sem fram hafa komið í starfsmannaviðtölum.

Fræðsluráð þakkar Hólmfríði fyrir hennar framalag.

4. Sandgerðisskóli - Seinkun skóladags hjá 10. bekk - 1904036

Hólmfríður Árnadóttir skólastjóri lagði fram áform Sandgerðisskóla um breytta viðveru 10. bekkinga næsta skólaár.

Fræðsluráð samþykkir tillögu skólastjóra Sandgerðisskóla um seinkun skóladags 8.-10. bekkjar.

5. Reglur um stuðning við leiðbeinendur í grunnskólum Suðurnesjabæjar sem fara í réttindanám - 1905056

Fyrir fundinum liggja tillögur að reglum um stuðning við leiðbeinendur í grunnskólum Suðurnesjabæjar sem fara í réttindanám.

Fræðsluráð samþykkir tillögur að reglum um stuðning við leiðbeinendur í grunnskólum Suðurnesjabæjar sem fara í réttindanám.

Tillögu fræðsluráð er vísað til bæjarráðs Suðurnesjabæjar.

6. Ráðning deildarstjóra fræðsluþjónustu 2019 - 1905057

Guðrún Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar fór yfir stöðu mála varðandi ráðningu deildarstjóra fræðsludeildar

Til upplýsingar.

Fræðsluráð þakkar Guðrúnu fyrir hennar framlag.

7. Þjónustusamningur: fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar - 1806408

Guðrún Björg Sigurðardóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar lagði fram drög að samningi við Reykjanesbæ um fræðsluþjónustu

Fræðsluráð mælir með samningnum.

8. Inntökureglur leikskóla - Suðurnesjabær - 1904037

Tillögur að Inntökureglum leikskóla í Suðurnesjabæ.

Málið var áður á dagskrá á 7. fundi ráðsins 16. apríl 2019.

Þar var samþykkt að senda tillögurnar til umsagnar hjá skólastjórnendum.

Fræðsluráð samþykkir drög um inntökureglur í leikskóla Suðurnesjabæjar.

Reglum er vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

9. Trúnaðarmál. - 1902039

Lagt fram til kynningar.

Sviðsstjóra og fræðslufulltrúa falið að vinna málið áfram.

10. Aðgerðir stjórnvalda í menntamálum- útfærsla starfsnámsárs og námsstyrkir - 1905033

Eftirtalin erindi lögð fr:

Fyrirkomulag launaðs starfsnáms kennaranema.

Reglur um stuðning við leiðbeinendur í grunnskólum 2019.

Starfsnámsár og námsstyrkir vegna nýliðunar í kennarastétt Bréf til sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 19:15.